

Nd. **639. Frumvarp til laga** [323. mál]

um breytingu á lögum nr. 40 7. maí 1982, um búnaðarmálasjóð.

Flm.: Árni Johnsen.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða samkvæmt tillögu búgreinasambands, sem nýtur viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða er aðili að Stéttarsambandi bænda, að innheimta allt að 1% gjald af afurðum viðkomandi búgreinar til viðbótar gjaldi skv. 2. gr. Gjald þetta skal renna til þess búgreinasambands sem í hlut á að frádregnum kostnaði við innheimtu gjaldsins.

2. gr.

Upphaf 3. gr. laganna, er verður 4. gr., orðist svo:

Gjald það, sem ræðir um í 2. og 3. gr., o.s.frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur fjölbreytni aukist í félagsmálum og starfi bænda þar eð nýjar búgreinar hafa fest rætur og um þær hefur verið stofnaður félagsskapur; í kjölfar þessa hefur einnig verið stofnaður félagsskapur um hinar hefðbundnu búgreinar hverja um sig. Með lögum frá 1985, búvörulögum, fengu þessar nýju greinar viðurkenningu löggjafans þar sem þeim var ætluð bein aðild að Stéttarsambandi bænda, en það hefur hins vegar háð starfsemi í þessum greinum að þær hafa ekki fastan tekjustofn til starfsemi sinnar. Það er út í hött að ætla búgreinafélögum hlutverk, en engan fjárhagsgrundvöll. Nefna má Félag hrossabænda sem dæmi. Þeir þurfa nú að leigja flugvélar til þess að flytja út reiðhross, en hafa engan tryggan fjárhagslegan grundvöll að baki þessum áhættusama útflutningi og þó getur þessi útflutningur velt 60–80 milljónum króna á ári. Annað dæmi um misrétti í garð þeirra sem þessa búgrein stunda er að 25% söluskattur var settur á hrossakjöt og er það eina kjötttegundin á markaðnum sem fékk þann skatt á sig af fullum þunga og er það með öllu óviðunandi.

Meðfylgjandi fylgiskjöl eru samantekt í stuttu máli um búgreinafélögin eftir séra Halldór Gunnarsson í Holti undir Eyjafjöllum og álitserð Tryggva Gunnarssonar lögfræðings um breytingar á lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, vegna innheimtu á gjaldi til búgreinasambanda, samin fyrir búgreinasamböndin.

Fylgiskjal I.

Halldór Gunnarsson:

Stutt samantekt um búgreinafélögin.

Í nýju búvörulögum frá 1985 var búgreinafélögum fyrst veitt félagsleg þátttaka í Stéttarsambandi bænda og Framleiðsluráði landbúnaðarins. Fulltrúar þeirra hafa þó ekki enn tekið þátt í kosningum til stjórnar Stéttarsambandsins. Þau félög, sem hafa hlotið samþykki Stéttarsambands bænda, eru: Samband íslenskra loðdýraræktenda, Æðarræktarfélag Íslands, Landssamband kartöflubænda, Landssamband kúabænda, Félag hrossabænda, Svínaræktarfélag Íslands, Samband garðyrkjubænda, Samband eggjaframleiðenda, Landssamband sauðfjárþænda, Félag kjúklingabænda og Ferðapjónusta bænda.

Þessi félög hafa starfað mismunandi lengi, sum yfir 10 ár, en flest formlega stofnuð sem landsamtök á árunum 1984 til 1986. Hvert félag hefur auk almennra félagsstarfa unnið einkum að markaðssetningu sinna afurða innan lands og erlendis. Mætti tilgreina verulegan árangur sumra þessara félaga.

Það sem hefur háð starfi þessara búgreinafélaga er að þeim hefur ekki verið veitt lagaheimild til gjaldtöku af afurðum til að sinna félags- og markaðsmálum. Ljóst virðist að ef þessi lagaheimild fæst ekki daga flest búgreinafélögin uppi.

Af þessari ástæðu hafa búgreinafélögin einkum sameinast um þetta baráttumál, ásamt því að endurskoðun færi fram á sjódagjaldatöku af afurðum bænda og að gjöld til Bjargráðasjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins yrðu felld niður.

Árið 1986 lögðu búgreinafélögin fram tillögu fyrir landbúnaðarráðherra og landbúnaðarnefndir Alþingis um að lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, yrði breytt á þann veg að heimiluð yrði gjaldtaka af afurðaverði til bænda sem rynni til hvers búgreinafélags eða

sambands eftir afurðum hveftrar búgreinar. Tillagan var rökstudd með álitserð frá Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi. Flestir aðilar, sem um þetta fjölluðu á Alþingi, virtust vera þessu sammála, en formaður landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis var ósamþykkur því að heimilud yrði frekari gjaldtaka, nema því aðeins að önnur gjöld yrðu felld niður. Hét hann því að vinna að framgangi þessa máls á næsta Alþingi.

Við lok Alþingis 1987 voru þessi mál enn til skoðunar. Búgreinafélögin hafa enn lagt fram tillögur fyrir landbúnaðarráðherra, þingflokka og landbúnaðarnefndir. Eftirfarandi ítrekun kom fram 12. febrúar frá Félagi kjúklingabænda, Svínaræktarfélagi Íslands og Sambandi garðyrkjubænda um afnám bjargráðasjóðsgjalds og endurskoðun sjóðagjalda:

Endurskoðun sjóðagjalda landbúnaðarins.

Við undirritaðir formenn Félags kjúklingabænda, Svínaræktarfélags Íslands og Sambands garðyrkjubænda viljum ítreka óskir okkar um að endurskoðun á sjóðagjaldakerfi landbúnaðarafurða verði lokið sem allra fyrst, en nú hafa verið starfandi nokkuð lengi fleiri en ein nefnd með þetta hlutverk án þess að sýnilegur árangur hafi orðið.

Við viljum leggja áherslu á að viðunandi lagi verði komið á sjóðagjaldatökuna og komið í veg fyrir að núverandi ófremdarástand verði enn framlengt, en innheimta núverandi gjalda er í ólestri eins og þeir vita sem til þekkja og tilviljunum háð hverjir greiða gjöldin og hverjir ekki.

Ástæða þessa ástands er m.a. sú að margir sjá ekki tilgang í að greiða sum núverandi sjóðagjöld eins og t.d. bjargráðasjóðsgjaldið sem er 0,6% af framleiðsluverðmæti og skapa ekki þann rétt sem fulltrúar neðangreindra búgreina telja að ætti að vera. Þess vegna förum við fram á að sú gjaldtaka verði felld niður.

Sama dag lögðu fulltrúar frá Landssamtökum sauðfjárbænda, Landssambandi kúabænda, Félagi hrossabænda og Sambandi eggjaframleiðenda fram tillögu um að lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, yrði breytt á þann veg að núverandi gjaldtaka, 0,6%, til Bjargráðasjóðs mundi verða látin renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem síðan með breyttri reglugerð yrði falið að greiða þessa gjaldtöku til viðkomandi búgreinafélags/sambands/samtaka, þó með þeirri undantekningu að 50% af gjaldtökunni af sauðfjár- og nautgripaafurðum mundi Framleiðnisjóður greiða til Bjargráðasjóðs, þar til frekari ákvörðun yrði tekin um framtíð sjóðsins.

Nákvæmur tillöguflutningur um lagabreytingu var ekki settur fram þar sem núgildandi lög um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, virðast ekki heimila gjaldtöku til Bjargráðasjóðs, en í lögum um Bjargráðasjóð, nr. 51/1972, með síðari breytingum, segir í 5. gr.:

„Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

- a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 300 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvísitölu 1. janúar 1980 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærsluvísitölu 1. janúar ár hvert.
- b. 0,6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
- c. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert, þó eigi lægra en sameiginlegar tekjur samkvæmt a-lið og sem svarar 0,35% af söluvörum landbúnaðarins samkvæmt b-lið.“

Þessi lagagrein er ekki virt hvað varðar a- og c-lið. Ríkissjóður hefur ekki greitt til Bjargráðasjóðs undanfarin ár, en stærsti tekjustofninn samkvæmt b-lið er gjaldtaka, einkum af hinum hefðbundnu búgreinum, sem bændur greiða af sínum tekjum, sem er þó ekki tilgreint í lögum um búnaðarmálasjóð og stendur því á veikum grunni lagalega séð, að ekki sé fastar að orði kveðið, því að lögum um búnaðarmálasjóð eru mjög skýr, hvað varðar gjald-

töku í 2. gr. þeirra laga, þar sem enginn möguleiki virðist á því að koma inn heimild um 0,6% gjaldtöku til Bjargráðasjóðs.

Búgreinafélögin studdu tillögu sína með eftirfarandi greinargerð:

Árið 1985 reyndu búgreinafélögin að fá fram breytingu á lögum nr. 40/1982 samkvæmt meðfylgjandi álitserð. Þá var ekki fallist á þá breytingu vegna þess að fram færi endurskoðun á sjóðagjöldum er rynni til landbúnaðarins. Nú tveimur árum síðar eru búgreinafélögin jafnfjárvana. Mikil nauðsyn er á því að ákveðið fjármagn renni til þess að vinna að markaðsöflun og á engum brennur þetta meira en búgreinafélögunum. Í nýju lögunum frá 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara er í c-lið 1. gr. I. kafla sagt um tilgang laganna: „að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið“. Hins vegar er svo hvergi nánar skilgreint í lögunum hvaða aðili eigi sérstaklega að sinna þessu verkefni. Markaðsnefnd landbúnaðarins hefur fengið fjármagn til að vinna að þessum málum, en það er skoðun búgreinafélaganna að hver búgrein verði að fá aðstöðu til að sinna þessum málum sérstaklega.

Breyting á gjaldtöku er rökstudd með eftirfarandi hætti:

1. Í skýrslu formanns Stéttarsambands bænda kemur fram að 1985 var innheimt gjald af afurðum bænda 39,3 milljónir króna, en greiddir tjónastyrkir 14,7 milljónir króna og jafnframt að ríkið greiddi ekki til sjóðsins lögbundin gjöld.
2. Innheimta þessara gjalda hefur gengið mjög illa af afurðum utan hinna hefðbundnu búgreina, en með þessari breytingu er álitid að auðveldara sé að vinna að innheimtu gjaldsins.
3. Lagt er til að helmingur gjaldtöku af sauðfé og nautgripum renni til Bjargráðasjóðs eða Tryggingastofnunar til að greiða tryggingagjöld fyrir þessar búgreinar. Miðað við síðustu ár virðist þessi greiðsla rífleg til þessa viðfangsefnis.

Ef alþingismenn ákveða með lögum þátttöku búgreinafélaga í starfi og stjórn landbúnaðarins ber þeim einnig að sjá svo um að þau geti starfað og unnið að markaðssetningu afurðanna.

Fylgiskjal II.

Álitserð.

(8. sept. 1985.)

Til: Halldórs Gunnarssonar f.h. búgreinasambanda.
Frá: Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi.
Efni: Breytingar á lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, vegna innheimtu á gjaldi til búgreinasambanda.

Að beiðni yðar hef ég tekið saman eftirfarandi álitserð um atriði sem ég tel að verði að hafa í huga við umrædda lagabreytingu og þá tillögu að texta slíks lagafrumvarps. Áður en lengra er haldið skulu hér nefnd þrjú atriði varðandi nógildandi lög sem vert er að hugleiða áður en ráðist er í lagabreytingar:

a. Skipting tekna af búnaðarmálasjóðsgjaldi.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40/1982 skulu árlegar tekjur búnaðarmálasjóðs skiptast að jöfnu milli búnaðarsambandanna annars vegar og Stéttarsambands bænda hins vegar, „er

hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum“. Tekið er fram að Búnaðarfélag Íslands skipti milli búnaðarsambanda því fé er fellur í hlut þeirra með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum vörum og leigu. Sá rammi, sem lögin setja um til hvaða verkefna hin tilgreindu samtök verja þeim hluta tekna af gjaldinu sem kemur í þeirra hluta, er mjög rúmur.

Skilyrðið um að gjaldinu sé varið til verkefna „er þau hafa með höndum“ verður ekki skilið svo þröngt að það heimili ekki Stéttarsambandi bænda að láta gjaldið eða hluta þess renna til búgreinasambanda sem önnuðust verkefni sem annars kæmu í hlut Stéttarsambands bænda. Stéttarsamband bænda getur því að óbreyttum lögum ráðstafað hluta tekna af búnaðarmálasjóðsgjaldi til búgreinasambanda sem starfsfé.

b. Innheimta gjalda af framleiðendum til félagsmála.

Í tillögum ykkar er lagt til að heimilað verði með lögum að innheimta allt að 1% gjald til viðbótar núverandi búnaðarmálasjóðsgjaldi sem ýmist er 0,25% eða 0,50% eftir framleiðslugreinum. Þó viðurkenna beri þörf búgreinasambandanna fyrir tekjur til að standa straum af kostnaði við starfsemi sína er full ástæða til þess að leiða hugann að því hversu hátt hlutfall af verði búvöru skuli innheimt sem gjald til félagsmála bænda. Menn keppast um að ræða leiðir til að draga úr framleiðslukostnaði búvara en búnaðarmálasjóðsgjaldið kemur beint til frádráttar á hlut bóndans í afurðaverðinu en verð vörunnar má ekki hækka vegna gjaldsins. Með tilkomu búgreinasambandanna ætti að öllu eðlilegu að vera hægt að draga úr verkefnum Stéttarsambandsins. Ég spyr því hvort ekki væri hugsanlegt að taka innheimtu búnaðarmálasjóðsgjaldsins í heild til endurskoðunar og huga þá að breyttri skiptingu gjaldsins og ef til vill heimild til að hækka það. Hugsanlegt væri að fara þá leið í lögum að hafa heimild fyrir ráðherra til að ákveða gjaldið mishátt eftir búgreinum að fengnum tillögum bændasamtakanna.

Varðandi starfsfé búgreinasambandanna er einnig rétt að vekja athygli á 3. mgr. 25. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, en þar er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilað að fengnu samþykki ráðherra að láta hluta af svokölluðu framleiðsluráðsgjaldi renna til samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein enda annist þau samtök sambærileg verkefni og Framleiðsluráði eru ætluð í lögunum vegna búgreinarinnar. Umrætt gjald má að hámarki vera 0,25% af heildsöluverði búvara, þ.e. greiðist af kaupanda vörunnar.

c. Erfiðleikar við innheimtu gjalda samkvæmt gildandi lögum.

Þó að heimildir núgildandi laga um búnaðarmálasjóð bjóði að innheimt skuli gjald af hinum ýmsu búgreinum og þar með er talin nýting hlunninda, hygg ég að þegar sleppir hinum „hefðbundnu búgreinum“, þ.e. nautgripa- og sauðfjárrækt, séu skil á gjaldinu með ýmsu móti. Ég tek þó fram að ég hef ekki kannað þetta nákvæmlega. Ég hygg þó að þetta eigi sérstaklega við t.d. um veiðileigu. Ástæða þessa er ekki í öllum tilvikum sú að menn tregðist við að greiða gjaldið og standa skil á því, heldur hitt að í ýmsum greinum er gjaldstofninn óljós t.d. laxveiði er leigð og með í leigunni fylgir afnotaréttur af veiðihúsi og leiðsögn. Ég tel því ástæðu til að kanna hvernig tryggja megi betri innheimtu gjaldsins og þá hugsanlega hvort nota megi aðra gjaldstofna til innheimtu á gjöldum til félagsmála bænda.

Með tilliti til þess, sem sagt hefur verið hér að framan, er það eindregin skoðun mín að heppilegra væri að taka lögin um búnaðarmálasjóð til heildarendurskoðunar og þá í tengslum við hugsanlega endurskoðun á innheimtu gjalda til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Ég tek þó fram að það er ekkert sem útilokar að slík lagabreyting, sem þið hafið

rætt um, verði gerð strax og þá fengist líka betri yfirsýn yfir frá hvaða búgreinum þessi gjöld eru komin.

Ég hef fengið í hendur tvær tillögur að breytingum á lögum nr. 40 7. maí 1982, um búnaðarmálasjóð, og mun önnur vera ættuð frá þér en hin frá Gauki Jörundssyni. Hér á eftir fylgja hugleiðingar, sem vöknudu við lestur þessara tillagna:

1. Heimildarákvæði?

Ég tel eðlilegra að orða þetta sem heimild fyrir ráðherra eins og gert er í tillögu Gauks því að upphæð gjaldsins kann að verða mismunandi allt að 1% eftir búgreinum. Þarna er því löggjafarvaldið að framselja vald til ákvörðunar um tiltekna gjaldheimtu (skattur?) og því nauðsynlegt að atbeini ráðherra komi þar til.

2. Hvaða búgreinasambönd eiga að njóta gjaldsins?

Í lögum er nauðsynlegt að ákvarða þau skilyrði, sem búgreinasamband verður að uppfylla til að það geti fengið slíkt gjald innheimt. Í þessu efni koma einkum þrjár leiðir til greina:

- a. Hafa í lögum sjálfstæð efnisleg skilyrði sem búgreinasamband þarf að uppfylla til að falla undir ákvæði laganna.
- b. Leggja til grundvallar skilyrði og/eða viðurkenningu samkvæmt öðrum lagaákvæðum eða af þriðja aðila.
- c. Hafa í lögum engin önnur skilyrði en ráðherra ákveði hvað sé búgreinasamband í þessu sambandi og veiti því þessa heimild.

Almennt er ekki hægt að mæla með því að síðasta leiðin sé farin því að þar væri framsal löggjafarvaldsins komið út á hálan ís meðal annars með tilliti til hagsmuna gjaldendanna. En það eru reyndar ýmis atriði tengd hagsmunum gjaldendanna sem þarf að gæta að þegar ákvæði um slíka gjaldheimtu eru sett í lög. Eru það atriði eins og réttur gjaldenda til inngöngu í það félag sem gjaldsins nýtur og til þátttöku í ákvörðunum á vettvangi þeirra. Þá er óhjákvæmilegt að gera þá kröfu að aðild framleiðenda í viðkomandi grein að félaginu sé almenn og reyndar hefur þess nokkuð gætt í hliðstæðum tilvikum að slík innheimta væri bundin við félag þar sem um skylduadild er að ræða. Viss lágmarksskilyrði verður því að setja fyrir því að búgreinasambönd geti notið slíkrar innheimtu.

Með setningu laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara var landbúnaðarráðherra veitt heimild sbr. 2. mgr. 4. gr., að fengnu samþykki Stéttarsambands bænda, til að viðurkenna einstök landssamtök framleiðenda búvara til að fara með fyrirvar vegna framleiðenda í viðkomandi grein við gerð samninga skv. a-lið 30. gr. og aðrar ákvarðanir samkvæmt lögum. Slík viðurkenning er þó ekki í öllum tilvikum lagaskilyrði fyrir aðild búgreinasambands að ákvörðunum samkvæmt lögum. Í greinargerð með 2. gr. þess frumvarps sem síðar urðu lög nr. 46/1985 segir m.a. um viðurkenningu búgreinasambands:

„Gengið er út frá því að aðeins verði viðurkennd ein samtök búvöruframleiðenda í hverri framleiðslugrein og verði það landssamtök, sem allir framleiðendur í viðkomandi grein eiga sama rétt til þátttöku í. Samtökin þurfa að hafa innan sinna vébanda a. m. k. fullan helming framleiðenda í viðkomandi búgrein, enda hafi þeir samsvarandi hlutdeild í framleiðslu hennar.“

Á nýafstöðnum aðalfundi Stéttarsambands bænda voru samþykktar reglur um aðild búgreinasambanda að Stéttarsambandinu og segir þar að forsendur slíkrar aðildar séu:

1. Að búgreinasambandið sé landssamtök opið öllum framleiðendum í viðkomandi búgrein og með jafnan félagsrétt.
2. Að stjórn Stéttarsambands bænda samþykki samþykktir viðkomandi búgreinasambands.

3. Að aðeins eitt búgreinasamband sé viðurkennt í hverri framleiðslugrein.
4. Að hvert búgreinasamband kjósi á aðalfundi sínum fulltrúa á aðalfund Stéttarsambands bænda.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að um tvenns konar viðurkenningar á búgreinasamböndum getur orðið að ræða. Almenna reglan verður sennilega sú að þessi sambönd eigi aðild að Stéttarsambandinu, einhver þeirra fái einnig viðurkenningu ráðherra og í einstaka tilvikum kunna sambönd að vera utan Stéttarsambandsins og afla sér viðurkenningar ráðherra. Til stuðnings þessu leyfi ég mér að benda á þau réttaráhrif sem viðurkenning ráðherra skv. 2. mgr. 4. gr. 1. nr. 46/1985 hefur fyrir samböndin og Stéttarsambandið. Greinilegast er þetta þegar samtök sauðfjábænda og mjólkurframleiðenda eiga í hlut. Verði þessi samtök viðurkennd af ráðherra taka þau við umboði Stéttarsambandsins til samninga-gerðar um heildarframleiðslumagn búvara, sbr. a-lið 30. gr. Það er því alls ekki víst að öll búgreinasamböndin kæri sig um að fá viðurkenningu ráðherra eða það verði talin heppileg skipan mála.

Tillaga mín er því sú að heimilt verði að innheimta gjald til búgreinasambanda að því skilyrði uppfylltu að þau hafi annaðhvort fengið aðild að Stéttarsambandi bænda eða viðurkenningu skv. 2. mgr. 4. gr. 1. nr. 46/1985. Eftir sem áður væri það hlutverk ráðherra að meta í hverju tilviki hvort eðlilegt sé að veita búgreinasambandi slíka heimild og hlýtur þá m.a. að koma til skoðunar hvernig háttað sé þátttöku framleiðenda í viðkomandi grein í sambandinu. Séu menn hræddir við að láta þetta mat alfarið í hendur ráðherra mætti auðvitað setja tiltekin viðbótarskilyrði þegar aðeins væri um að ræða aðild að Stéttarsambandinu, t.d. um félagafjölda, framleiðslu o.fl. Ég sé ekki ástæðu til að orða slíkan texta nema fram komi óskir þar um.

Reynslan sýnir að innheimta gjalda til félagsmála í skjóli opinberra valdheimilda, svo sem með lögtaksrétti, er umdeild. Af vettvangi bænda má nefna málaferlin um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og nú síðast um innheimtu gjalds til búnaðarmálasjóðs. Deilurnar um lögmæti kjarnfóðurgjaldsins snúast að hluta um þetta sama. Þó að löggjafarvaldið hafi stjórnskipulega heimild til að leggja féggjald á tiltekna þjóðfélagshópa til fullnægingar á þörfum þeirra hópa sem álögunum sæta verður að gera þá kröfu að slíkum gjöldum sé jafnað niður eftir „eðlisrökréttum og málefnalegum sjónarmiðum“ svo að notuð séu orð Hæstaréttar um þetta efni.

3. Umsagnarréttur.

Ég vek athygli á því að skv. 3. mgr. 3. gr. gildandi laga hafa tiltekin samtök tillögurétt við setningu reglugerðar um innheimtu búnaðarmálasjóðsgjalds. Íhugunarefni er hvort búgreinasamböndin eiga ekki að fá þarna aðild að því er varðar að lágmarki hið sérstaka gjald til þeirra.